

Nd.

38. Frumvarp til laga

[37. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason.
Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Í Landhelgissjóð Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfnum og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr.

Ríkissjóður leggur Landhelgissjóði til árlegt framlag, eitt hundrað milljónir króna.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sjóðnum skal varið til hvers konar tækjabúnaðar Landhelgisgæslunnar til gæslu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo sem til kaupa á varðskipum, flugvélum og öðru tækjum hliðstæðum eða í tengslum við fyrrgreint hlutverk.

Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að búa Landhelgisgæslunni aðstöðu í landi miðað við framtíðarhlutverk hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt er þegar þrennt er, segir gamalt máltæki, en flutningsmenn þessa frumvarps hafa nú flutt það á þremur þingum, að aðalefni eins, til þess að efla Landhelgissjóð Íslands og styrkja Landhelgisgæsluna í því vandasama hlutverki, sem hennar bíður.

Öllum ætti nú að vera fullljóst, hversu brýna nauðsyn ber til þess að efla Landhelgissjóð, svo og að hefjast handa um að gera langtímaáætlun um aukna og fullnægjandi landhelgisgæslu, miðað við þau umfangsmiklu og vaxandi verkefni, sem Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna.

Það er ekki vansalaust, að Landhelgisgæslu Íslands sé ekki búin góð aðstaða í landi, en þar hefur hún verið á hrakhlólum, og er því einnig samkvæmt þessu frumvarpi heimilt að verja fé Landhelgissjóðs til þess, eftir því sem þurfa þykir.

Þar sem þetta frumvarp er nú, eins og reyndar áður, flutt á öndverðu þingi, ætti að mega ljúka afgreiðslu þess, áður en fjárlög koma til afgreiðslu, og taka þá inn í þau nauðsynlegar fjárveitingar samkvæmt því, en því verður nú ekki lengur trúað, að ágreiningur sé í Alþingi um afgreiðslu þessa máls. Menn tala fjálglega um nauðsynlega samstöðu um landhelgismálið, en þá þýðir ekki að skella skollaeyrum við,

í hvert skipti sem lagt er til að efla Landhelgisgæsluna og húa henni þá aðstöðu, sem nauðsynleg er.

Á sérstöku fylgiskjali sést, hvernig tekjur Landhelgisjóðs hafa myndast frá árinu 1962, en tekjurnar eru árlega misjafnar, eins og að líkum lætur, vegna þess, hvernig þær eru uppbyggðar. Í fyrra tók hæstvirtur forsætisráðherra vel þessu frumvarpi, er það var flutt, eða svipuðu frumvarpi, og taldi þá m. a. aðalatriðið að festa ákveðinn tekjustofn fyrir Landhelgisjóð Íslands.

Allsherjarnefnd deildarinnar, sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að geta haft skjót handtök, og ekki þarf að viðhafa neinar vífilengjur, enda þótt menn vilji einhverju breyta í smáatriðum, sem ekki skipta máli.

Ekki þykir áslæða til að hafa lengri greinargerð með þessu frumvarpi nú, þar sem það hefur verið flutt og athugað í nefnd og rétt á tveim undanförunum þingum.

Fylgiskjal.

Landhelgisgæslan.

TEKJUR LANDHELGISJÓÐS 1962—1972.

Ár	Sektir og upptaka fyrir landhelgisbrot	Þjörgunarlaun	Vextir	Framlag ríkissjóðs	Samtals
1962	3 728 262.15	1 069 069.74	98 196.04	5 501 960.30	10 397 488.23
1963	2 127 255.00	1 001 484.26	32 487.36	6 004 397.55	9 165 624.17
1964	5 360 329.33	111 550.55	144 057.65	6 847 800.77	12 463 738.30
1965	5 470 787.00	2 914 075.03	365 818.68	6 461 798.50	15 212 479.21
1966	3 025 615.50	4 708 439.88	747 264.08	6 218 940.05	14 700 259.51
1967	2 661 227.00	2 398 833.45	755 421.57	2 898 060.95	8 713 542.97
1968	3 936 529.80	2 408 854.55	570 240.92	3 521 305.10	10 426 930.37
1969	5 726 328.67	1 022 801.30	313 988.84	14 125 000.00	21 188 118.81
1970	3 867 399.90	519 165.00	224 394.70	16 832 000.00	21 442 959.60
1971	2 365 144.80	7 297 391.00	541 151.20	17 982 012.00	28 185 699.00
1972	4 455 481.80	1 264 086.00	249 777.60	17 548 954.70	23 518 300.10
	42 724 360.95	24 715 750.76	4 042 798.64	103 942 229.92	175 425 140.27